

Starfsreglur foreldraráðs Nóaborgar

samþykktar í október 2015

1. gr.

Starfsreglur þessar gilda um starfsemi foreldraráðs við leikskólann Nóaborg Reykjavík.

2. gr.

Foreldraráð starfar og er kjörið samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu ráðsins á almennum foreldrafundum. Kosningin fer fram á haustmánuðum ár hvert og skal skipað þremur fulltrúum hið minnsta.

3. gr.

Leikskólastjóri boðar nýkjörið foreldraráð til fyrsta fundar. Á fyrsta fundi skiptir foreldraráð með sér verkum og kys sér formann, varaformann og ritara. Formaður undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá. Ritari skráir fundargerðir um það sem fram fer á fundum. Þær skulu vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

4. gr.

Foreldraráð skal setja sér starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Í áætlun skal gera grein fyrir sameiginlegum fundum ráðsins og leikskólastjóra á skólaárinu. Þeir eru ákveðnir í samvinnu við leikskólastjóra.

Foreldraráði skal látin í té aðstaða og veittur nauðsynlegur aðgangur að skólahúsnæðinu, búnaði og skrifstofuþjónustu, svo sem prentun, ljósritun og póstdreifingu eftir því sem aðstæður leyfa.

Fundir foreldraráðs eru lögmatir ef meira en helmingur ráðsmanna er viðstaddur.

5. gr.

Foreldraráð tekur drög að starfsáætlun leikskólans næsta vetrar til umfjöllunar og umsagnar að vori. Foreldraráð getur, ef þörf þykir, boðað leikskólastjóra og aðra starfsmenn skólans til fundar til umræðu um drögin. Foreldraráð gefur skriflega umsögn um starfsáætlun skólans og skal hún send leikskólastjóra eigi síðar en 30 dögum eftir að það fær hana til umsagnar.

Foreldraráð afhendir leikskólastjóra afrit af erindum og umsögnum er varða skólann og skólalald, þegar þær eru sendar öðrum aðilum.

6. gr.

Leikskólastjóri skal tryggja að starfsreglur foreldraráðsins séu kynntar foreldrum, svo sem með birtingu þeirra á heimasíðu skólans. Þar skulu einnig koma fram nöfn og netföng fulltrúa í foreldraráði.

7. gr.

Starfssvið foreldraráðs er felst öðru fremur í að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana, svo sem starfsáætlunar innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Ráðið hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð starfar í samvinnu við stjórn foreldrafélags skólans sé það starfandi, í því skyni að stuðla að gagnkvæmri miðlun upplýsinga.

Enn fremur skal foreldraráð veita umsögn sína um allar veigamiklar breytingar sem fyrirhugaðar eru á skólastarfi hverju sinni. Þá á leikskólastjóri kost á að óska eftir umsögn foreldraráðs eftir því sem tilefni þykir til.

Foreldraráð skal fylgjast með öryggi, húsnæðiskosti, aðstöðu og aðbúnaði nemenda og starfsfólks.

8. gr.

Foreldrar og forráðamenn skulu almennt eiga þess kost að koma á framfæri athugasemdum sínum um skólahald til foreldraráðs. Ráðsmenn skulu bundnir trúnaði gagnvart foreldrum í hvívetna.

Foreldraráð skal þó aldrei taka málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skólans til umfjöllunar.

Það er undir foreldraráði að meta hverju sinni hvort erindi sem því berst frá foreldrum eða forráðamönnum sé þess eðlis að ráðið geti tekið það til skoðunar. Telji ráðsmenn að erindi sé þess eðlis að það skuli fremur borið undir deildarstjóra eða eftir atvikum leikskólastjóra meði tilliti til valdsviðs ráðsins, skal tilkynna því foreldri eða þeim forráðamanni sem um ræðir um það með tryggilegum hætti.

9. gr.

Sé lögum og reglum um leikskóla eða áætlunum um skólahald ekki framfylgt að mati foreldraráðs ber því að tilkynna það til menntamálaráðuneytisins enda hafi ábendingum þess til leikskólastjóra og/eða skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar ekki verið sinnt.

10. gr.

Foreldraráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar í hvívetna varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu.

Leikskólastjóri skal brýna sérstaklega fyrir foreldraráðsfulltrúum þagnarskyldu þeirra, sem og ákvæði 2. mgr. 8. gr. reglna þessara á fyrsta fundi ráðsins.